



Borgarráð

### ***Tillaga um Dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði og ÍTR verði falið að vinna að þarfagreiningu fyrir Dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti í samráði við fimleikadeild ÍR, dansskóla með starfsemi í hverfinu, félag dansara og íbúaráð Breiðholts.

#### ***Greinargerð***

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti var eitt þeirra verkefna sem raðaðist efst í forgangsröðinni. Fimleikahús fyrir ÍR í Efra-Breiðholti er hluti samnings borgarinnar við ÍR dagsettur 30. janúar 2017.

Dagur B. Eggertsson